

Mál nr. 109/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging og húseigendatrygging.

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22. mars 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 4. maí 2023.
3. Bréf M, dags. 11. maí 2023.
4. Bréf V, dags. 15 maí 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 20. janúar 2023 hafi orðið vatnsleki í bílskúr við húseignina M. Lýsir M atvikum þannig að heitt vatn hafi flætt óhindrað í fjóra daga. Þegar tjónið uppgötvaðist hafi M haft samband við V sem sendi verktaka á staðinn. Lýsir M því að þeir hafi strax skrúfað fyrir lekann. Þá lýsir M því að mikill hiti hafi verið í skúrnum og skemmdir á timburverki, bílskúrshurð hafi verið föst og ekki lokast auk þess tjón hafi orðið á ýmsum innbúsmunum og rafeindatækjum vegna vatns.

V hefur hafnað bótaskyldu úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingarinnar og úr fjölskyldutryggingunni. Telur V ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni. Vísar V til þess að þak bílskúrsins hafi verið óeinangrað og að ofn í bílskúrnum hafi verið vanvirkur og skúrin þ.a.l. kaldur. Í mikilli kuldatíð í janúar hafi neysluvatnskrani í bílskúrnum því gefið sig, líklega vegna frosts. Afleiðingar þess hafi verið þær að heitt og kalt vatn rann úr neysluvatnskrananum. Hitinn frá lekanum hafi því verið mun minni en þegar einungis lekur heitt vatn. V heldur því jafnframt fram að M hafi verið margsaga um það hvernig ástand bílskúrsins var áður en til lekans kom, hann hafi m.a. haldið því fram að klæðning hafi verið bæði á veggjum og lofti auk þess sem vaskur hafi verið bakvið útihurð. Vísar M til þess að það standist ekki og vísar í því sambandi til ljósmynda. Engin för séu eftir festingar, klæðningar eða hillur. Þá standist það varla skoðun að M hafi fjarlægt vask áður en skoðunarmenn félagsins komu á staðinn til að skrúfa fyrir vatnsleka.

V telur allt tjón vera ósannað gögn málsins, m.a. myndir af tjónsstað beri ekki með sér að vatnsskemmdir hafi orðið þó vissulega hafi myndast einhver raki í skúrnum. Sem dæmi sé pappakassar sem stóðu á gólfi þurrir og ekki hægt að greina vatnsskemmdir á öðrum byggingarhlutum. Þá hafi M fargað öllum tjónsmunum áður en V gafst færi til að skoða eða láta meta hvort þeir hafi skemmst. Telur V jafnframt ósannað að sumir þeir hlutir sem M tilgreinir sem skemmda hafi yfir höfuð verið í skúrnum og vísar V til þess að þeir sjáist ekki á myndum sem teknar voru í skúrnum fljótlega eftir atvikið. En fremur sé ljóst að stór hluti þeirra muna sem voru í skúrnum teljist ekki til innbús og falli þ.a.l. ekki undir fjölskyldutrygginguna.

M telur að fyrirliggjandi gögn sýni það með fullnægjandi hætti að hann hafi orðið fyrir tjóni. Bendir M m.a. á að dýrustu hlutirnir, ýmis rafeindatæki eins og loftnesiur, tölvuskápur með serverum öryggisbúnaði router og switchum sjáist mjög vel. Þá vísar M til þess að rafeindabúnaður þoli illa heitt vatn og því verði að teljast ljóst að allur rafbúnaður sem var í skúrnum hafi orðið fyrir altjóni. Gerir hann kröfu um að kostnað við að endurnýja lausafé úr fjölskyldutryggingu sinni auk þess sem hann gerir kröfu um að fá bættan kostnað vinnu á timburverki, umskipti á útihurð og bílskúrshurð ásamt opnara og rafmagnstöflu.

Álit.

Ágreiningur að málinu snýr að því hvort vatnstjón hafi orðið á innbúi og fasteign M vegna vatnsleka sem varð í bílskúr M þann 20. janúar 2023. Samkvæmt meginreglum bótaréttarins ber M sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni. Engin gögn liggja fyrir sem sýna með skýrum hætti að skemmdir hafi orðið á fasteign M eða innbúsmunum sem þar voru geymdir. Þá bera myndir ekki með sér að M tjón hafi orðið á fasteigninni eða innbúsmunum. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Enn fremur virðist sem a.m.k. nokkur hluti þeirra tjónsmuna sem M hefur tilgreint teljist ekki til innbús í skilningi þess vátryggingarskilmála sem gildir um

fjölskyldutrygginguna. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem fellur unnir húseigenda- eða fjölskyldutryggingu hans hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr fjölskyldu- eða fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. júní 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson